



# Rannsókn á mannlegum þáttum tengdum umferðaröryggi

Dr.-Ing. Haraldur Sigþórsson og  
Dr.-Ing. Stefán Einarsson



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY



# Hvað er umferðarmenning (1)?

- Umferðarmenning er sameiginlegur skilningur og framkvæmd á því, hvernig menn koma fram í umferðinni í tilteknu landi.

Umferðarmenningin og ökuvenjur í tilteknu landi eru háðar því, hvernig viðkomandi yfirvöld líta til umferðaröryggis, t.a.m. hvaða reglur gilda, og hversu góð ökukennslan er. Þá skiptir upplýsingagjöf um umferðaröryggi máli, eftirlit lögreglu og að hve miklu leyti vegakerfið er hannað m.t.t. árangursríkrar og öruggrar breytni í umferðinni.


## Hvað er umferðarmenning (2)?

- Trúlega mun umferðarmenningin þróast í takt við menningu og fyrirmyndir um samvinnu. Þá virðist ljóst að umferðarmenningin hlýtur að mótast af þeim kringumstæðum sem eru fyrir hendi í umferðinni (þ.e. hversu almenn bifreiðaeignin er og umferðarpéttleiki og fjöldi bifreiða í hlutfalli við mjúka vegfarendur).

## Af hverju viljum við greina umferðarmenningu sem nákvæmast?

- Höfum fjárhagslegan og tilfinningalegan ávinning af því að fækka slysum.
- Umfjöllun um bifreiðina og hvað þýðingu hún hefur fyrir okkur er mikilvæg vegna lausna í samgöngumálum.
- Við getum ekki farið sömu leiðir og aðrir vegna fámennis. Erfitt að sjá að við getum byggt vegi, sem eru “fyrirgefandi”, við flytjum inn bifreiðar og höfum lítil eða engin áhrif á hönnun þeirra, þannig að það er eðlilegast að snúa sér að mannlegu þáttunum og tengja þá innviðum.


# Umferðin tekur sinn toll



Heimild: Umferðarstofa

# Umferðin tekur of háan toll

Fjöldi látinna í umferðarslysum á Íslandi



Heimild: Umferðarstofa



# Tylösand yfirlýsingin (1)

- 1) Allir hafa rétt á að nota vegi og götur, án þess að það ógni lífi þeirra og heilsu.
- 2) Allir hafa rétt á öruggum og sjálfbærum samgöngum. Öryggismálin og sjálfbærnin þurfa að bæta hvort annað upp.
- 3) Allir hafa rétt á að nota vegakerfið, án þess að þeir geti óvart ógnað lífi annarra og heilsu.




## Tylösand yfirlýsingin (2)

4. Allir hafa rétt til upplýsinga um öryggisvandamál og öryggisstig sérhvers þáttar, vöru, eða aðgerðar innan vegakerfisins.
5. Allir eiga rétt á að vænta kerfisbundinna og stöðugra umbóta í öryggismálum. Allir sem hlut eiga að máli hafa þá skyldu að framkvæma aðgerðir til leiðréttinga, ef þeir finna hættu gagnvart öryggi sem hægt er að minnka eða fjarlægja algerlega.




## Hvað einkennir góða umferðarmenningu?



Heimild: Danska umferðarráðið


## Hvað einkennir lélega umferðarmenningu

- Síngirni
- Að hafa rétt fyrir sér
- Borgaraleg óhlýðni



Heimild: Danska umferðarráðið

# Tjáskiptaferlið



- Heimild Umferðarsálfræði e. Áspór Ragnarson og Kjartan Þórðarson

# Samskipti vegfarenda og tjáning (1)

- Umferðarsálfræðin kennir, að menn eigi samskipti með bílnum og samskiptin eru hluti félagslegra samskipta í þjóðfélaginu.
- Það er tjáð með bílnum, hvers konar persóna einstaklingurinn er og tjáningin kemur fram í litavali á bílnum, tegund og stærð hans.

## Samskipti vegfarenda og tjáning (2)

- Stærð bílsins eða verð hans er tákn um tekjur fjölskyldu eða efnahag, hugsanlega stærilæti eða efnahagslega getu.
- Bíllinn getur talað fyrir skapgerð eiganda, gildi hans og áhugasvið og margt fleira. Þetta er táknræn tjáning, en hún getur hugsanlega haft áhrif á þau réttindi, sem ökumenn taka sér eða gefa öðrum og sumir ökumenn eru taldir brjóta velsæmismörk meir en aðrir.

## Samskipti vegfarenda og tjáning (3)

- Vísindamenn hafa túlkað samskiptavandann þannig vaxinn, að menn sjái lítið af næsta ökumanni. Hinn aðilinn sést einungis sem þúst á bak við málm og gler.
- Tjáningarvandinn getur verið orsök þess, að aðrir eru ásakaðir um að aka tillitslaust.
- Hann er þar með einnig orsök þess að mikil fötrun og reiði getur myndast milli ökumanna.

# Umferðarvitund

- Er safn allrar þekkingar, sem við höfum meðvitað og ómeðvitað aflað okkur um umferðina.
- Er ástand, sem vaknar þegar við setjumst undir stýri.
- Samkvæmt því er mikilvægt að venja sig á rétta umferðarhegðun og æfa rétt viðbrögð frá upphafi.
- Umferðarvitund okkar ræður miklu um þau mistök, sem við gerum í umferðinni.
- Misskynjanir, rangtúlkun á aðstæðum eða fyrirætlunum annarra. Röng viðbrögð sem við höfum vanið okkur á.
- Heimild: Áspór Ragnarson og Kjartan Þórðarson



# Líkan af öruggri umferð

- Heimild: Claes Tingvall og Anders Lie 2008

